

ræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 11 512 000 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumar- bústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slikra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 skv. auglýsingu nr. 189/1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 83 12. febrúar 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 15. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

21. maí 1979.

Nr. 234.

G J A L D S K R Á

Orkubús Vestfjarða nr. 6.

Orkubú Vestfjarða selur raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

Orku- og aflverð, fastagjöld.

A. Lýsing.

1.1. Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Orkugjald	—	139.20 á kWst.
1.2. Fast gjald	—	1 090.00 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	74.90 á kWst.
1.3. Útilýsing:			
Fast gjald	—	1 090.00 á mán.
Orkugjald	—	37.00 á kWst.
1.4. Útilýsing:			
Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Fast gjald á ljósker	—	550.00 á mán.
Orkugjald	—	17.50 á kWst.
1.5. Húsbyggingar:			
Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Orkugjald	—	57.40 á kWst.

B. Heimili.

2.1. Fast gjald	—	1 850.00 á mán.
Orkugjald	—	36.20 á kWst.
2.2. Notkun til búrekstrar o.fl. í dreifbýli. Markmæling:		
Aflgjald lágmark 4 kW	—	190 210.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	25 860.00/kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	5.70 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu	—	36.20 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1. Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	74.90 á kWst.
3.2. Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Aflgjald lágmark 3 kW	—	46 600.00/kW á ári
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	14.50 á kWst.
3.3. Súgurrkun 1. júní — 31. október:		
Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Aflgjald	—	14 490.00/kW á ári
Orkugjald	—	6.10 á kWst.

D. Húshitun.

4.1. Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	2 400.00/kW á ári
Orkugjald	—	25.00 á kWst.
Enginn roftími.		
4.2. Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	2 400.00/kW á ári
Orkugjald	—	19.20 á kWst.
Roftími allt að 1. klst. á dag.		
4.3. Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	2 400.00/kW á ári
Orkugjald	—	9.00 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4. Markmæling:		
Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Aflgjald lágmark 5 kW, hámark 20 kW	—	18 510.00/kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	3.90 á kWst.
Orkugjald af umframafstillingu	—	36.20 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		

E. Sumar- og næturhitun.

4.5. Sumarhitun:		
Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Orkugjald	—	5.10 á kWst.
4.6. Næturhitun:		
Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
Aflgjald lágmark 2 kW	—	2 400.00/kW á ári
Orkugjald	—	5.10 á kWst.
Roftími 14 klst. á dag.		

F. Annað.

- 5.1. Gjöld yfir lokun og endurofnun veitu í hvert sk kr. 6 650.00
 5.2. Sérsmningar.

1. Flatarmálgjöld.

Taxtar 1.2. og 3.1.:

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr.	42.00 á m ² á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h.	—	21.00 á m ² á mán.

Taxtar 3.2.:

Fyrir hverja flatarmálseiningu	—	420.00 á mán.
--------------------------------------	---	---------------

Einingar:

- a. Félagshemili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h.: 20 m² mælt innan útveggja.
 b. Fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.: 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.

2. Mestaafismæling.

- 2.1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálág.
 2.2. Gjaldskrárliður 3.2.
 Gjaldskilytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskilytt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.
 2.3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

3. Véla- og tækjaálag.

- 3.1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
 Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
 3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka aflgjald af rafsuðuspennum kr. 2 400.00/kW á ári.

Götulýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt ósk notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast O. V. á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur O. V. takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvarsvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennafli er takmarkað, áskilur O. V. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2.

Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

7. Hitun.

- 7.1. Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1.—4.3. reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt taxta B-21. margfaldað með tölunni 5.
- 7.2. Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. september ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil fyrir fyrrgreint tímabil, að mati orkubússtjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

8. Annað. Sérsmáningar o. fl.

- 8.1. Sérsmáningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum smáningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í smáningi við áætlaða notkun tækisins.
- 8.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

9. Heimtaugargjöld í þéttbýli.

- 9.1. Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins, og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót.
- 9.2. Orkubúinð ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 9.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63	269 000.00	8 150.00	84 500.00
100	317 500.00	9 375.00	96 000.00
200	517 500.00	14 000.00	
300	1 020 000.00	17 000.00	

Bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

- 9.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.
- 9.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umframt 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götu línu, stystu greiðfæra leið að varkassa.
- 9.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlita ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölslæðslum, iðn-

aðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

- 9.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

10. Heimtaugargjald í sveitum.

- 10.1 Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða eða fá heimtaug, sem fyrir er eða fá tengd hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskytt (sbr. 2. gr.) skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framan-greindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
- 10.2 Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 243 700.00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1.2 af hundraði fasteignamatsverðs húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 21 000 000.00 matsverðs, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 21 000 000.00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km. á hverjar 243 700.00 krónur, sem áætlað er að greiðist grunngjöldum. Framangreint grunnjald kr. 243 700.00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 258 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 11 500 000.00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. mánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orku-ráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða, og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast gildi frá og með 1. maí 1979, sbr. auglýsingu nr. 189/1979, og birtist til eftirbreytni öllum,

sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá, með auglýstum breytingum 15. feb. og 15. mars 1979, sama efnis nr. 340 22. sept. 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 235.

30. apríl 1979.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Reykjahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykjahrepps ákveður að leggja á gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjöld, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með holræsalögn, og B-gjöld, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og að ganga endanlega frá gangstétt.

Innfalið í A-gjaldi er byggingarleyfisgjald og gjald fyrir tengingu við holræsaakerfi.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss“, eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands. Þó mega samanlögð álögð gatnagerðargjöld af húsum við hverja götu ekki nema hærri fjárhæð en nemur áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja þá götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

Reikna skal stærð bygginga samkvæmt IST 50.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöld í samræmi við það rúmmál, sem hverjum tilheyrir, samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

Álagning A-gjalds og B-gjalda skal vera sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
1. Íbúðarbyggingar:		
1.1. Einbýlishús	2.5%	2.5%
1.2. Tvíbýlishús og raðhús	1.6%	1.6%
1.3. Fjölbýlishús	1.2%	1.0%
1.4. Bifreiðageymslur	1.2%	1.2%
2. Aðrar byggingar:		
2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir	2.5%	2.5%
2.2. Heilbrigðis- og menntamannvirki	2.5%	2.5%
2.3. Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnaði, vörugemymslur ..	1.2%	1.2%
2.4. Gripahús og geymsluskúrar	1.2%	1.2%

Af kjöllurum og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar, skal greiða hálf gjald.